

SNÆFINNUR SNJÓKARL

Lag: Steve Nelson/Jack Rollins
Ljóð: Hinrik Bjarnason

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað rétt og hratt.

“Snæfinnur snjókarl!-
bara sniðugt ævintýr,”
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.

*En galdrar voru geymdir
í gömlu skónum hans:
Er fékk hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.*

Já, Snæfinnur snjókarl,
hann var snar að lifna við,
og í leik sér brá
æði léttur þá,
- uns hann leit í sólskinið.

Snæfinnur snjókarl
sneri kolli himins til,
og hann sagði um leið:
“Nú er sólin heið
og ég soðna hér um bil.”

Undir sig tók hann
alveg feiknamikið stökk,
og á kolasóp
inn í krakkahóp
karlinn allt í einu hrökk.

*Svo hljóp hann einn - var ekki seinn
og alveg nið'rá torg,
með sæg af börnum söng hann lag
bæði í sveit og höfuðborg.*

Já, Snæfinnur snjókarl
allt í einu þetta vann,
því að yfir skein
árdagssólin hrein
og hún var að bræða hann.

